

## Vistbyggðarráð/ Grænni byggð

Fyrsti fundur stjórnar – 3. maí 2018

Skipulagsstofnun 15:00-17:00

Fundargerð

### 1. Kynning á nýjum stjórnarmeðlimum

Stjórnarmeðlimir kynntu sig og sinn bakgrunn.

### 2. Kosning á nýjum stjórnarformanni, gjaldkeri og ritari

Stjórnarformaður : Gyða Mjöll

Gjaldkeri: Kristjana

Ritari: Olga

### 3. Vistbyggðadagurinn og Mette Qvist – lærdómur og framhald

Athyglisvert að þau noti bara DGNB – Danska vistbyggðaráðið naut mjög góðs af samstarfinu við DGNB. Kanna þarf betur norrænt samstarf, þau eru tilbúin að miðla til okkar og öfugt.

Starfsnemar – eitthvað sem mætti skoða betur hér. Hafa gagnast vel hjá danska vistbyggðarráðinu.

Það væri sniðugt og þarft að útbúa kynningarefni þar sem starfsemi Vistbyggðarráðs og íslenskur byggingariðnaður eru tengd við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Vistbyggðardagurinn – Hvernig gekk vel og hvað hefði mátt gera betur?

Hann gekk heilt yfir mjög vel, áhugaverðir og skemmtilegir fyrirlestrar. Það hefði mátt vera tekið harðar á tímamörkum svo dagskránni hefði ekki seinnkað. Hefði einnig mátt nýta daginn betur í markaðsstörf, t.d. gefa aðilum að Vistbyggðarráði möguleika á að kynna starfsemi sína betur (kynningarbásar/spjöld/bæklingar).

Nota markaðsstólin betur til að kynna starfsemi Vistbyggðarráðs. Starfsnemi gæti jafnvel farið í það.

Hugmynd að vinnustofu/hugarflugi – að stjórnarmeðlimir komi saman og láti hugann reika um það hvað við viljum leggja áherslu á og sjá gerast í Vistbyggðarráði næsta árið. Hvernig ætlum við að forgangsraða og hvað viljum við að standi upp úr. Gætum notað “Scrum” aðferðafræðina. Vera með töflu/autt blað og henda upp hugmyndum, flokka svo og draga fram það mikilvægasta. Markmiða vinnustofa.

Markmið Vistbyggðarráðs þurfa að vera skýr – hverju er mikilvægast að forgangsraða. Það eru skilgreind markmið í lögum félagsins. Halda stefnumótunarfund.

#### **4. Verkefni með Festu um ábyrgan Byggingariðnað**

Ketill hjá Festu fékk Þórhildi til að vera með fyrirlestur um umhverfisvænar byggingar í ferðaþjónustu.

Purfum að setja eitthvað niður á blað svo fólk geti tekið afstöðu til þess betur – ábyrg ferðaþjónusta, umhverfi, aðbúnaður starfsmanna. Tengja við heimsmarkmiðin.

Gæti verið áhugavert fyrir okkur að halda sameiginlegan viðburð með Festu. Gefur okkur kannski meiri vikt að vinna með þessu félagi – að þeir þarfnist sérþekkingar okkar varðandi þessi mál. Passa samt að við týnumst ekki í þessu samstarfi með Festu.

#### **5. Aðalfundur – nafnabreyting – aðildagjöld**

10% hækkun aðildagjalda – umræður um það.

Flokkur 1: 25.000 kr

Flokkur 2: 133.000 kr

Flokkur 3:

Ákveðið að námunda að sléttu.

#### **FESTA**

- Athuga hvernig þessi nálgun á Festu myndi koma fjárhagslega út fyrir Vistbyggðarráð. Reikna út heildina (Kristjana?).

Þjóða aðilum að Vistbyggðarráði/Grænni byggð að nýta lógóið. Það er jákvætt út á við fyrir fyrirtæki að vera aðilar að Grænni byggð. Gæti virkað öfugt að umbuna fyrirtækjum eftir

upphæð gjalda. Gott ef lógóið virkar sem kynning/gæðamerki á heimasíðum fyrirtækja, fyrir fyrirtækin og okkur. Beggja hagar.

Nýtt lógó. Systir Kristjönu hannar nýtt lógó, grafískur hönnuður. Sama lógóið verið frá upphafi. Less is more.

### **Nýr aðalfundur – boðaður mánudaginn 28.maí kl 17:00. Skipulagsstofnun.**

Nafnabreyting : **Grænni byggð** – tengja okkur betur undir Green Building Council.

Enska útgáfan: Icelandic Green Building Council

Lén: Igbc.is – Breyta því í **gbc.is**

Sammþykkt af öllum.

Það þyrfti að vera til lógó með bæði íslensku og ensku “Iceland green building council”.

Íbúðalánasjóður nýr aðili að Vistbyggðarráði.

Samtök iðnaðarins – verið að reyna að fá þau inn.

Reyna að fá fleiri félaga. t.d. Strætó og Sorpa.

Hugmynd um að vera með kynningarbækling til að reyna að fá nýja aðila að – meira aðlagandi. Skerpa á markmiðum og hlutverki félagsins og dreifa boðskapnum.

### **6. Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi**

Hugmynd um að vera með stærra workshop – fá fleiri aðila að þessu verkefni.

Guðmundur Haukur Sigurðsson – framkvæmdastjóri Vistorku nefndur á nafn.

#### **Faglegar áherslur:**

Úrgangur

Orkunotkun og stýring

Innivist

Efnanotkun

Lóðamál og samgöngur

## **7. Verkefnahugmynd – Landsbankinn**

Orkunotkun í byggingum – rekstur byggingar

Kynningarbæklingur/kennsla um orkunotkun og orkusparnað í byggingum, getur t.d átt við skóla og aðrar stofnanir. Bæklingur/einfaldar skýringarmyndir/ grafísk framsetning.

Skáli – sýningarrými – hvað er grænni byggð?

Þar sem sýnd verða t.d. vistvæn byggingarefni og umhverfisáhrif þeirra (LCA greiningar).

Gæti t.d. verið í andyri bankans – frumkvöðlar.

Mismunandi byggingarefni, umhverfivæn. Steypa, timbur, stál o.s.frv. Endurunnin byggingarefni?

Sýning á norrænum heildarlausnum – við yrðum aðilar að opnun slíkrar sýningar.

Hringrásahagkerfi – inn í dag

## **8. Að lokum – almennar umræður**

Þórhildur fer í 8 vikna sumarfrí í sumar. Verður ekki virkt starf á meðan.

Við fundum ekki mánaðarlega í sumar.

Við þurfum að vinna betur að stefnumótun félagsins og auglýsa hana betur út á við.

Undirbúa Skrum fund

Kaupa post it miða

4 markmið félagsins – hafa eitthvað að miða við. Vinna undir þemum?

**Fræða – tengja – hvetja**

**Ekki finna upp hjólið á þessum hugarflugs fundi, frekar að reyna að leita leiða til að koma aðgerðum í verk.**

Þýska Green Building Council

Þórhildur sendi hlekki á okkur sem vert er að skoða og við kíkjum öll á það fyrir hugarflugs fundinn – þannig við séum öll á svipaðri línu.

Gætum spurt öðruvísi spurninga um hlutverk og markmið félagsins.

Það vantar betri tæki fyrir þá sem vinna við vistferilsgreininar og slíkar greininar á Íslandi, sameiginlegan gagnagrunn. T.d. hver er líftími byggingarefna. RP blöð geta gagnast við slíkt en það er gríðarleg vinna að útbúa slík blöð.

Það vantar vísindalegan bakgrunn. Þessar upplýsingar eru til en ekki aðgengilegar fyrir alla. Fylgiskjalið til hjá Þjóðskrá – fastiegnahlutinn. Það er bara búið til í tilteknum tilgangi til að passa inn í reiknimódel fyrir brunabótamat o.fl.

Þarf að uppfæra líftímatöflur á Íslandi. Byggingariðnaðurinn þyrfti að koma sér saman um svona vinnu í þágu allra sem starfa í geiranum.

Þeir sem vinna við svona greininar – t.d. aðili sem vinnur við að reikna út viðhaldskostnað. Ef þeir hafa allir sömu gögnin er hægt að bera saman gögnin, samræmi í iðnaðinum. Annað grefur undan áreiðanleika og samræmanleika upplýsinga. Skekkja.